

AUGLÝSING

um ráðstafanir vegna námsmats við Háskólann á Akureyri á vormisseri 2021.

Þrátt fyrir ákvæði reglna um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 921/2018 gildir eftirfarandi bókun háskólaráðs á vormisseri 2021:

1. Ekki verður innheimt próftökugjald fyrir endurtökupróf í endurtökuprófatíð á vormisseri 2021.
2. Nemendur sem staðist hafa námsmat í námskeiði á vormisseri 2021 geta óskað eftir því að fá birtri lokaekunn breytt í „Staðið“ í stað einkunnar í tölustöfum á námsferli.

Auglýsing þessi, sem háskólaráð hefur samþykkt, er birt með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og taka ákvæði hennar þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 23. apríl 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2021